

Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2016

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2016 og stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 100,4 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 32,5 ma.kr. fjórðunginn á undan. Þetta er mesti afgangur af viðskiptajöfnuði frá upphafi mælinga og í fyrsta sinn sem hann fer yfir 100 ma.kr. á fjórðungi. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður sem nam 22,5 ma.kr. en þjónustujöfnuður² mældist hagstæður um 121,6 ma.kr. Jöfnuður frumþáttatekna var hagstæður um 6,1 ma.kr. en rekstrarframlög óhagstæð um 4,8 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.040 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.980 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 60 ma.kr. eða sem nam 2,6% af VLF. Erlend staða þjóðarbúsins er jákvæð í fyrsta sinn frá því að mælingar hófust.³ Nettóskuldir lækkuðu um 30 ma.kr. eða sem nam 1,3% af VLF á milli ársfjórðunga. Hrein fjármagnsviðskipti leiddu til um 129 ma.kr. bættrar erlendar stöðu þjóðarbúsins. Þar af hækkuðu erlendar eignir um 140 ma.kr. en skuldir um 11 ma.kr. vegna fjármagnsviðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 83 ma.kr. á ársfjórðungnum. Gengi krónunnar hækkaði gagnvart helstu gjaldmiðlum eða að jafnaði um 6,7% miðað við gengisskráningargöng. Mest hækkaði gengi krónunnar gagnvart sterlingspundi eða um 10,1%.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

² [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

³ Tölur um eignir og skuldir þjóðarbúsins eru til frá árinu 1978. Þær er ekki fyllilega sambærilegar við þær tölur sem birtar eru nú. Sjá, [Sögulegt yfirlit hagtalna um hreina erlenda skuldastöðu 1922-2000](#) af vef Þjóðhagsstofnunar.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2015, Q3</u>	<u>2015, Q4</u>	<u>2016, Q1</u>	<u>2016, Q2</u>	<u>2016, Q3</u>
Viðskiptajöfnuður	56,1	12,1	13,5	32,5	100,4
Vöruskiptajöfnuður	-11,8	-14,7	-26,4	-38,8	-22,5
Þjónustujöfnuður	94,0	23,2	29,6	64,6	121,6
Jöfnuður frumpáttatekna	-2,1	7,7	14,0	11,2	6,1
Rekstrarframlög, nettó	-24,0	-4,2	-3,7	-4,5	-4,8
Jöfnuður fjárframlaga	-0,4	-0,4	-0,3	-0,4	-0,2
Fjármagnsjöfnuður	54,4	27,4	14,7	84,3	129,3
Bein fjárfesting	-1,3	-11,9	-31,6	50,8	-11,8
Verðbréf	-70,4	610,1	69,7	127,0	-31,9
Afleiður	5,0	-0,1	0,7	1,1	0,8
Önnur fjárfesting	112,5	-637,9	-122,5	-68,3	56,4
Gjaldeyrisforði	8,5	67,2	98,3	-26,2	115,8
Skekkjur og vantalið, nettó	-1,3	15,8	1,5	52,2	29,1

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q2 2016	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q3 2016
Erlendar eignir, alls	4.162	140	-261	-2	4.040
Bein fjárfesting	1.922	-45	-132	-2	1.744
Verðbréf	917	39	-32	1	925
Afleiður*	8	0	-2	0	7
Önnur fjárfesting	616	30	-38	-3	605
Gjaldeyrisforði	699	116	-58	3	760
Erlendar skuldir, alls	4.132	11	-178	14	3.980
Bein fjárfesting	2.149	-33	-103	6	2.020
Verðbréf	1.321	71	-50	13	1.354
Afleiður*	12	0	-2	0	10
Önnur fjárfesting	650	-27	-23	-5	595
Hrein staða við útlönd	30	129	-83	-16	60
Hrein staða við útlönd, % af VLF	1,3%	5,5%	-3,5%	-0,7%	2,6%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.